



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2007



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	4
Stjórn og starfsmenn	8
Helstu fjárfestingarverkefni NSA	9
Ársreikningur	19
Rekstrarreikningur árið 2007	23
Efnahagsreikningur	24
Skýringar	27



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2007





SAMHENGI HLUATANNA ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Það er jafnan vor í lofti þegar ársfundur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er haldinn síðari hluta maímánaðar. Svo á að minnsta kosti að vera samkvæmt dagatalinu og nýgræðingurinn tekinn að spretta af þrótti og nær undantekningarlaust nær hann fullum þroska að sumri.

Hjá Nýsköpunarsjóði er unnið að vorverkunum árið um kring. Nýir sprotar teknir í ræktun, hlúð að öðrum og hugað að því að planta þeim í akurinn þar sem þeir verða svo að spjara sig sjálfir og aðrir taka við umhirðunni. Þrátt fyrir að öll skilyrði virðist fyrir hendi fer samt svo að sumir sprotanna visna og deyja, sumir strax en aðrir eftir erfiða baráttu á akrinum. Þetta er gömul saga og ný þegar nýsköpun og frumkvæði í atvinnulífinu er annars vegar, margir eru kallaðir en fáir útvaldir.

Það er skylda stjórnvalda og atvinnulífsins að taka höndum saman um að sem allra flestir þeirra sem kallaðir eru fá sem best tækifæri til þess að vaxa og dafna. Jarðvegurinn verður með öðrum orðum að vera frjór. Þegar illa árar í efnahagsmálum er þetta enn mikilvægara en ella því þá hætta margir að sinna akrinum.

Það er gleðilegt að margt bendir til þess að umhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja sé að verða frjósamara og skilyrði til vaxtar að batna. Í þessu samhengi má minnast á að Tækniþróunarsjóður er smám saman að eflast og þar er orðin merkjanleg áherslubreyting sem felur í sér að fyrirtækin sjálf njóti styrkja og líkindi þess að styrkir sjóðsins skili sér í vexti og útflutningstekjum vega þyngra en áður. Nýir aðilar hafa verið að hasla sér völl á sviði fjárfestinga framarlega í vaxtarferli fyrirtækjanna en þó ekki fremst. Má þar nefna sjóðina BRÚ II sem hefur verið starfræktur um nokkurt skeið og AUÐI I sem er nýtekinn til starfa.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur fjárfest í báðum þessum sjóðum fyrir samtals 500 milljónir króna. Með þessu móti dreifir Nýsköpunarsjóður áhættu sinni um leið og hann stuðlar að því að fleiri fagfjárfestar með mismunandi sjónarhorn komi að verki.

Loksins er í höfn stofnun nýs sjóðs á grundvelli svokallaðra Símapeninga. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur unnið hörðum höndum að þessu verkefni undanfarin misseri og þurft á stundum að sæta lagi í öldusjó óróleika á fjármálamörkuðum og krafna opinberra eftirlitsstofnana. Ekki var alltaf bjart framundan né útlit fyrir að fleyið myndi ná landi. Nýi sjóðurinn hefur fengið heitið Frumtak með vísan til þess að hann er framarlega í ferli, tekur á frumlegum hugmyndum með föstu og þéttu taki. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins tókst að fá til liðs við sig öflugum og góða liðsmenn þar sem eru viðskiptabankarnir þeir og stærstu lífeyrissjóðir landsins. Fari að óskum mun Frumtak hafa a.m.k. fjóra og hálfan milljarð króna til ráðstöfunar á næstu árum til þess að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem eru vænleg til vaxtar og útrásar.

Í hinum vestræna heimi er mikil áhersla lögð á að örva nýsköpun með öllum tiltækum ráðum til þess að auka samkeppnishæfni og velferð þjóða. Þar er í auknum mæli horft á mikilvægi þess að auka framboð á áhættufé. Evrópusambandið ákvað til að mynda á síðasta ári að leggja umtalsvert fjármagn í samlagssjóði sem eiga að fjárfesta í nýsköpunar- og srotafyrirtækjum á sama hátt og Frumtaki er ætlað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins telur að með starfi sínu að því að efla aðra fjárfestingarsjóði muni hann auðvelda vænlegum fyrirtækjum að sækja sér fé til vaxtar um leið og hann skapar sjálfum sér svigrúm til þess að sinna kjarnahlutverki sínu enn betur.

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR



NÝSKÖPUN ER LANGHLAUP

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Umhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi hefur ekki verið sérlega hagstætt á síðustu árum. Styrkir til rannsókna og tækniþróunar hafa verið of litlir, fjármagn til áhættufjárfestinga takmarkað og mikil þensla í efnahagslífinu hefur gert sprotafyrirtækjum erfitt fyrir með ráðningar á sérhæfðu starfsfólki. Þá hafa sveiflur í gengi íslensku krónunnar komið afar illa við nýja vaxtarsprotu.

Aðgerðir og stefna ríkistjórnarinnar um að stórauka framlög til Tækniþróunarsjóðs og ákvarðanir um að leggja fram aukið fé til Nýsköpunarsjóðs vegna samlagssjóðs í samstarfi við atvinnuþróun bæta verulega umhverfi sprotafyrirtækja.

Staðreyndin er sú að það tekur að jafnaði 10 til 15 ár frá því að góð hugmynd fæðist þar til hún nær að skapa grunn að starfsemi fyrirtækis með umtalsverðar og stöðugar tekjur. Á þessari leið eru mörg fjöll og margir tindar sem þarf að klífa. Það sést vel þegar saga íslenskra hátækniyrirtækja er skoðuð. Sum hver eru núna orðin leiðandi á sínu sviði í heiminum, en á fyrstu árunum mátti oft litlu muna að þróunin stöðvaðist algerlega og ekkert yrði úr þeim vaxtarsprotum sem þá voru að reyna að festa rætur.

Nýsköpun á Íslandi byggir nær alfarið á því að þróa og selja vörur fyrir erlendan markað. Stöðugleiki íslensku krónunnar og gengisskráning á hverjum tíma skiptir því afar miklu máli fyrir rekstrarskilyrði nýsköpunar- og sprotafyrirtækja. Þær jarðhræringar og eldgos í gengismálum sem íslenskt efnahagslíf hefur þurft að þola að undanförunu eru ekki til þess fallin að skapa frjóan jarðveg fyrir nýsköpun.

Mjög sterk rök hníga að því að upptaka evru í stað krónu sé orðið brýnt hagsmunamál fyrir nýsköpun í landinu. Ljóst er að það verður ekki gert nema með inngöngu í Evrópusambandið. Því fylgja bæði kostir og gallar. Það er enginn vafi á því að kostirnir eru miklu fleiri en gallarnir ef skapa á ný atvinnutækifæri, efla

nýsköpun og styðja við starfsemi sprotafyrirtækja. Fyrir utan aukinn stöðugleika í gengismálum, sem er sprotafyrirtækjum lífsnauðsynlegur, skapast líkur á að unnt sé að auka áhuga erlendra aðila fyrir því að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum, þar með talið nýsköpunarfyrirtækjum. Slíkur áhugi hefur verið sáralítill á liðnum árum, ef undan er skilin stóriðja, og eftir síðustu brotsjó sem íslenska krónan hefur fengið á sig er sá litli áhugi væntanlega horfinn út í veður og vind.

Eins og meðal annars má sjá af þeim nýfjárfestingum sem NSA hefur tekið þátt í á síðustu misserum er að mörgu leyti mikill sköpunarkraftur í íslensku samfélagi og eru háskólarnir í því efni mjög mikilvægar klakstöðvar fyrir ný sprotafyrirtæki. Ljóst er að ef rétt er hlúð að þessu umhverfi geta ný fyrirtæki sem eiga uppruna sinn þaðan skipt sköpum í þróun íslensks efnahags- og atvinnulífs á komandi áratugum.

Afkoma Nýsköpunarsjóðs á síðasta ári var neikvæð um 201 milljón króna. Meginskýringin á neikvæðri afkomu var styrking íslensku krónunnar en stór hluti eigna sjóðsins hefur verið í erlendum viðskiptabréfum. Heildargengistap sjóðsins á síðasta ári var 255 milljónir króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 105 milljónum króna og lækkaði hann um 26% frá fyrra ári en þá nam hann samtals 142 milljónum.

Fjárfestingar sjóðsins á síðasta ári og ákvarðanir um nýjar fjárfestingar námu samtals 702 milljónum króna. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2008 námu ákvarðanir um hlutfjárkaup og lánveitingar með breytirétti í hlutfé samtals 677 milljónum króna.

Helstu nýfjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum á síðustu 16 mánuðum eru eftirfarandi

MARORKA EHF.

Marorka þróar, markaðssetur og selur háþróað stýrikerfi til að hámarka orkunýtingu í skipum. Kerfið byggir á nemum, tölvum og hugbúnaði sem notar stærðfræðilegar aðferðir, bestun, hermun og frávíkgreiningu, til að gefa ráð til skipsstjórnenda. Reynslan sýnir að með því að nota búnað frá Marorku er hægt að spara mikla olíu og ná fram allt að 10% sparnaði. Viðskiptahugmyndin byggir á doktorsverkefni frumkvöðulsins.

MENTOR EHF.

Mentor ehf. er þekkingarfyrirtæki sem leggur skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs. Helstu lausnir fyrirtækisins er upplýsingakerfið Mentor.is sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra og sveitarfélaga öflugri. Mentor býður einnig upp á ráðgjöf og fræðslu til eflingar innra starfs skóla. Tilkoma Nýsköpunarsjóðs gerði Mentor kleift að tryggja stöðu sína í Svíþjóð með kaupum á þekktu félagi, P.O.D.B., á sama markaði.

ATALL EHF.

Atall var stofnaður á árinu 2004 og hefur hannað og þróað vélbúnað, tætara eða hakkara, sem auðveldar sláturhúsum og fiskvinnslum að endurvinna eða farga lífrænum úrgangi. Auk þess getur búnaðurinn auðveldað matvæla- vinnslum í sumum tilvikum að vinna úr frosnu hráefni.

STIKI EHF.

Stiki er þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni og sérhæfir sig í ráðgjöf og lausnum sem grundvallast á öryggi upplýsinga, þ.e. gagnaöryggi, tölvuöryggi og öryggismálum upplýsingakerfa. Þjónusta, hýsing og hugbúnaðarþróun fyrir íslenska ríkið á sviði heilbrigðismála er jafnframt mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins sem og ráðgjöf og hugbúnaðarþróun fyrir fjármálastofnanir. Framtíðarsýn Stika er að byggja upp öflugt hátæknifyrirtæki, leiðandi á sínu sviði á alþjóðavísu. Framundan er aukin sókn á erlenda markaði og áframhaldandi vöxtur.

FJÖLBLENDIR EHF.

Fjölblendir ehf. er fyrirtæki um hönnun, markaðssetningu og sölu á blöndungum fyrir smávélar, t.d. mótora á sláttuvélum, mótórhjólum, dælum, keðjusögum, utanborðsmótorum o.fl. Tækni félagsins leiðir til fullkomnari bruna á eldsneyti og þar af leiðandi mun minni mengunar. Eldsneyti nýtist einnig betur og því er sparnaður í notkun eldsneytis. Þá er þessi blöndungur bæði léttari og einfaldari en hefðbundnar gerðir.

VALKA EHF.

Valka ehf. sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á sjálfvirknilausnum fyrir matvælaiðnað, sem hafa það að meginmarkmiði að auka gæði og bæta nýtingu hráefnisins og auka þannig virði afurðanna. Hlutafjárukningin og aðkoma Nýsköpunarsjóðs mun styrkja félagið í alþjóðlegri markaðssetningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins.

OXYMAP EHF.

Oxymap er sprottið úr rannsókn- og þróunarvinnu við Háskóla Íslands á vegum augnlækna, verkfræðinga og fleiri. Félagið hefur þróað búnað til að skoða og ljósmynda augu að innan. Búnaðurinn tekur rafrænar myndir af augnbotnum og breytir þeim með háþrúðum hugbúnaði í myndir sem sýna æðar og súr-efnisinnihald blóðs í þeim. Með notkun þessarar aðferðar opnast möguleikar á að greina ákveðna sjúkdóma og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir sjónskemmdir eða blindu.

BP – LIFEFNI EHF.

Félagið er sprotti frá rannsóknnum vísindamanna við Háskóla Íslands í samstarfi við Karolínska Institutet í Stokkhólmi. Félagið er að þróa lyf sem geta tekið átt þátt í að lækna bakteríusýkingar í mönnum og málleysingjum með því að endurræsa náttúrulegar varnir líkamans sem bakteríur hafa lamað. Lyfin geta unnið ein og sér eða með fúkkalyfjum.

Fjárfesting og fjárskuldbinding NSA í ofangreindum fyrirtækjum er um 550 milljónir króna.

Til viðbótar þessu hefur NSA fjárfest í tveimur samlagssjóðum sem fjárfesta í félögum sem komin eru lengra á þróunarbrautinni en félög sem þurfa fjármagn til að ná góðum og hröðum vexti. Hér er um að ræða Brú II sjóðinn og Auði Capital. Samtals var ákveðið að fjárfesta fyrir 500 milljónir króna í þessum sjóðum.

Í lok síðasta árs var eigið fé sjóðsins samtals 4.020 milljónir króna. Peningaleg eign sjóðsins var á sama tíma 2.896 milljónir en þar af hefur 440 milljónum króna þegar verið ráðstafað til nýrra verkefna.

Í lok síðasta árs átti NSA hlutafé í 34 fyrirtækjum en í upphafi árs voru þau 43. Félagið seldi hlutabréf sín í Enex, Vistorku og Metan og nam söluhagnaður félagsins af þeim viðskiptum samtals um 39 milljónum króna. Jafnframt seldi félagið hluti sína í Grænum lausnum og nam sölutap af þeim viðskiptum samtals 100 milljónum króna.

Mörg fyrirtæki hafa mátt þola talsverðan andbyr að undanfögnu. Á þannig tímum er mikilvægt að hugsa fram á veginn og huga vel að nýjum vaxtarsprotum til að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslífið og gæta þess að hafa nægt úthald til þess að ná settu marki.

Ég þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs frábært samstarf á liðnu ári.

FINNBOGI JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI



STJÓRN OG STARFSMENN

STJÓRN

Stjórn sjóðsins var þannig skipuð af viðskiptaráðherra á ársfundi sjóðsins 31. maí 2007:

Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður, til vara Þorsteinn Víglundsson samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra skv. ábendingum Samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði.

Arnar Sigurmundsson, varaformaður, til vara Einar Valur Kristjánsson samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra skv. ábendingum Samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi.

Ágústa Guðmundsdóttir, til vara Björn Friðrik Brynjólfsson samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.

Guðný Hrund Karlsdóttir, til vara Helga Raket Guðrúnarsóttir samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.

Grétar Þorsteinsson, til vara Kristján Gunnarsson samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Úr aðalstjórn gekk Björg Jónsdóttir og í hennar stað kom Guðný Hrund Karlsdóttir. Úr varastjórn gekk Valgerður Kristjánsdóttir og í hennar stað kom Helga Raket Guðrúnardóttir.

Frá síðasta ársfundi hafa fundir stjórnar verið 8 og stjórnarfundir því orðnir 164 frá upphafi.

STARFSMENN

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í maí 2008:

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri

Gísli Benediktsson, sérfræðingur


Finnur Árnason, sérfræðingur

Smári Þórarinsson, fjármálastjóri

Svala Vignisdóttir, ritari


***HELSTU FJÁRFESTINGARVERKEFNI
NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS***

Stjörnu-Oddi





Stjörnu-Oddi hf er hátækni fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á mælitækjum til lífmælinga. Fyrirtækið var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum, aðallega fiskum. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í grófum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukkuna. Rafeindamælimerkið (Data Storage Tag) kom á markað 1993 og var þróað í samvinnu við rannsóknaraðila á Íslandi. Merkin eru ýmist fest utan á fisk eða grædd í kviðarholið. Merkin skila sér svo seinna í veiðinni og við endurheimtur á merkjum fást upplýsingar um far, dreifingu og hegðun fiskisins. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna til að afla upplýsinga um hegðun fiska, er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina, til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum.

Stjörnu-Oddi hf var stofnað árið 1985 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.




www.star-oddi.com

MEN&MICE




Menn og mús ehf var stofnað árið 1990. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir stjórnun á DNS (Domain Name System), DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) og IP tölum (IPAM) fyrir Microsoft og Unix/BIND-netumhverfi (svokallaðra IPAM-laúsna). Lausn Manna og músa, sem seld er undir vörumerkinu Men & Mice, myndar heildstæða, öflugla lausn við stjórnun og eftirlit á IP- og DNS-umhverfi stærri netkerfa. Einnig bjóða Menn og mús DNS-þjálfun og sérfræðiráðgjöf um allan heim. Með aukinni notkun IP-samskipta hefur þörf fyrir IPAM-lausnir aukist stöðugt og gert er ráð fyrir örum vexti þessa markaðar á næstu árum. Helsti markaður fyrir þessar lausnir eru stærri IP-netumhverfi og því eru viðskiptavinir Manna og Músa alþjóðleg stórfyrirtæki og stofnanir. Einnig eru í boði lausnir fyrir minni netkerfi sem seldar eru í gegnum vef fyrirtækisins. IPAM-lausnir gegna lykilhlutverki í að tryggja uppítíma, öryggi og skilvirka stjórnun slíkra netumhverfa. Menn og mús eiga dótturfélagið Men and Mice Inc. sem sinnir markaðssetningu og þjónustu í Norður-Ameríku og einnig er félagið með starfsstöð í Evrópu. Markmið Manna og músa er að verða leiðandi á sviði IPAM-laúsna.

Menn og mús ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.





www.menandmice.com




Íshestar ehf, stofnað 1992 á bænum Miðdal í Laugardal, hefur í 26 ár verið leiðandi fyrirtæki í hestatengdri ferðaþjónustu hér á landi og hefur á þessum tíma flutt yfir 18.000 gesti til landsins sem farið hafa í vikuferðir (eða lengri) á hestum um landið. Árlega fara yfir 20.000 manns í dagsferðir frá hinni glæsilegu Hestamiðstöð félagsins í Hafnarfirði og reiðskóli Íshesta er þekktur um land allt. Auk hinna hefðbundnu hestaferða hafa Íshestar aukið mjög umsvif sín á hinum almenna ferðaskrifstofumarkaði og þá sérstaklega í svonefndum hvataferðum þar sem sjónum er beint til A-Evrópu og þá einkum til Rússlands. Stórt skref var stigið árið 2006 þegar opnuð var sérstök vefsíða og nýtt nafn kynnt til sögunnar fyrir þennan markað: Íshestar Travel. Stefnan er sett á að yfir 3000 manns fari á þessu ári í lengri hesta- og hvataferðir og yfir 23.000 í þær styttri. Með fjölgun samstarfsaðila og áframhaldandi góðu markaðsstarfi er enn fremur stefnt að 15% fjölgun farþega á ári næstu árin. Íshestar reka ábyrga umhverfisstefnu og munu nú í vor hljóta vottun „Green Globe“-samtakanna. Þá hlutu Íshestar Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 2001.

Íshestar ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.




Stiki ehf var stofnað í mars 1992. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun hugbúnaðarlausna fyrir heilbrigðisþjónustu og fjármálagæirann. Stiki veitir einnig ráðgjöf í gæðastjórnkerfum og upplýsingaöryggi, auk þess að veita sértæka ráðgjöf í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stiki hefur þróað lausnir fyrir heilbrigðisráðuneytið, svokölluð RAI-kerfi, sem eru matskerfi í heilbrigðisþjónustu og beitt til að hámarka gæði og árangur þjónustu. Bundið er í reglugerð að nota þessi kerfi hjá íslenskum heilbrigðisstofnunum. Stiki hýsir gögn úr RAI kerfunum á sínum miðlurum. Stiki hefur jafnframt þróað hugbúnaðarlausnina RM Studio sem er hugbúnaður til áhættumats í vinnslu upplýsinga. Starfsemi Stika er bæði öryggis- og gæðavottuð samkvæmt öryggisstaðlinum ISO/IEC 27001 og gæðastaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er einnig gullvottaður Microsoft samstarfsaðili. Stiki er með samstarfsaðila í Bretlandi og Þýskalandi og skrifstofu í London, en áhersla er á þessa markaði í útflutningi á hugbúnaðarlausnum Stika. Hjá fyrirtækinu starfa nú 17 sérfræðingar.

Stiki ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.







NSA 49,0%



NSA 11,0%




Sjávarleður hf hóf starfsemi árið 1995 við þróun og sölu á leðri unnu úr steinbits- og laxaröði. Seinna var steinbit skipt út fyrir hlýra og þá var leðri af Nílarkarfa bætt við. Eftir um 10 ára vöruþróun og markaðssetningu fór erfið að skila sér í aukinni sölu og hagnaði af rekstri.

Fiskleður er mjög sérstakt vegna áferðar og lögunar en leður af fiskum hefur aldrei verið áberandi á markaði. Sjávarleður hf er leiðandi í þróun og sölu þessa leðurs og býður leðrið í fjölda lita og litasamsetninga og áferð er margvísleg; slétt eða gróf, mjúk eða hörð, glansandi eða mött. Árlega kynnis félagið afurðir sínar og nýjungar á fjölda leðursýninga í Evrópu og Asíu, með auglýsingum í fagtímaritum og með heimsóknum til viðskiptavina.

Viðskiptavinir félagsins eru bæði stórir og smáir og flestir starfa á alþjóðlegum vettvangi. Fiskleður, sem er sterkara en annað jafnhykkt leður, er notað eins og annað leður, t.d. í hönnun og handverk og mikið í skó, belti, töskur o.fl. en einnig með öðru leðri, t.d. í leðurfatnaði og húsgögnum.

Sjávarleður hf var stofnað árið 1995 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.

Helstu hluthafar	%
NSA	49,0
Gunnsteinn Björnsson	24,0
Norðurströnd ehf	24,3
Aðrir	2,7
	100,0



www.atlanticleather.is

Fjölblendir ehf er framsækið þróunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á eldsneytiskerfum byggðum á svonefndri TCT tækni, „Total Combustion Technology“ eða albrunatækni. TCT kerfið er uppfinning Kristjáns B. Ómarssonar en hann er aðalhönnuður fyrirtækisins. Markmið fyrirtækisins er að hanna kerfi sem eru ódýr í framleiðslu og leiða til minni útblástursmengunar en þekkist með núverandi kerfum.

Gífurleg reynsla og þekking hefur safnast upp innan Fjölblendis í gegnum árin. Fyrirtækið hefur nú getu til að sinna vöruþróunarferlinu allt frá frumhugmynd til þrautprófaðra og starfhæfra frumgerða.

Fyrirtækið einbeitt sér nú að þróun TCT eldsneytiskerfa fyrir smávélar og hefur þegar yfir að ráða tveimur alheimseinkaleyfum.

TCT er nýstárlegt eldsneytiskerfi sem byggir á einföldum eðlisfræðilögmálum til að blanda saman lofti og eldsneyti. Þetta leiðir til betri bruna, betri eldsneytisnýtingar, meira afls vélar og minni útblásturs CO og HC sem teljast skaðlegustu efnin í útblæstri brunavéla. TCT notar lofthjárás til að sundra eldsneyti á sem bestan hátt og MLC tækni (Mechanical Lambda Control) til að stjórna hlutfalli lofts og eldsneytis (Lambda).

Fjölblendir ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.


Helstu hluthafar	%
NSA	11,0
Ómar Breiðfjörð	8,5
Kristján Björn Ómarsson	6,7
Aðrir	73,8
	100,0




www.fjolblendi.is



NSA 36,5%




NSA 1,9%



Kine ehf starfar á sviði lífafræði með áherslu á mælingar á mannlíkamanum við endurhæfingu, íþróttir og vinnuvistfræði. Vörurnar byggja á hugbúnaði og rafeindatækni. Kine ehf hefur starfað í sjö ár. Þessi tími hefur að mestu farið í þróun á hreyfigreini sem m.a. byggir á algerlega þráðlausum vöðvarita, tækni sem Kine ehf setti á markað fyrst allra fyrirtækja í heiminum. Sótt hefur verið um einkaleyfi á þessari tækni sem er grunnur að væntanlegum vörum fyrirtækisins. Kine framleiðir 4 vörur: KineGait, KineView, KineLive og KinePro.

Á seinni hluta ársins 2007 var áherslum í markaðssetningu breytt, þ.e. lögð áhersla á að nýta þekkingu fyrirtækisins í vörubrúun á sviði rannsókna og færa þá þekkingu yfir í klíniska markaðinn, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, lækna og þjálfara innan íþróttanna o.fl, en sá markaður er talinn vera 50 sinnum stærri en rannsóknmarkaðurinn. Með innkomu Kine á þann markað skapast þar af leiðandi aukin tækifæri. Vörur Kine eru fyrst og fremst hugsaðar til að mæta þörfum þessa markaðar.


Kine ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.






www.kine.is

Fyrirtækið Latibær var stofnað árið 1995 af Magnúsi Scheving og Ragnheiði Pétursdóttur Melsted en markmið fyrirtækisins er að stuðla með ýmsum hætti að heilbrigðari lífsstíl barna og ungmenna. Boðskapur Latabæjar hvetur til jákvæðrar hugsunar, hollustu í mataræði, hreyfingar og uppbyggilegra samskipta barna og fullorðinna. Sama ár og fyrirtækið var stofnað gaf Magnús út metsölubókina Áfram Latibær og henni fylgdi hann eftir með útgáfu fleiri bóka, uppsetningu leikrita í Þjóðleikhúsinu og Loftkastalanum, útgáfu geisladiska, Hreyfispilinu Latador, Matreiðslubók Latabæjar, Útvarpi Latabæ og ýmsum uppákomum og skemmtunum. Árið 2003 undirritaði Latibær svo samning við bandarísku sjónvarpsstöðina Nickelodeon um gerð 40 sjónvarpsþátta. Fyrsta þáttaröðin fór í framleiðslu árið 2004, önnur árið 2006 og er nú verið að vinna að þeirri þriðju. Nú eru Latabæjarþættirnir sýndir í yfir 100 löndum um víða veröld og njóta mikilla vinsælda. Þeir eru framleiddir í 5067 m² myndveri sem staðsett er í Garðabæ en það er eitt það fullkomnasta í heiminum og þykir einstakt þar sem öll vinna við þættina fer fram þar.

Latibær ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.




www.lazytown.com



Primex ehf er leiðandi sjávarlíftæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á kítíni og kítósani úr ferskri rækjuskel. Markmið fyrirtækisins er að kynna og markaðssetja visindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til nota í fæðubótarefni, snyrtivörur, matvæli og sem hjálparefni í lyfja- og lækningavörur. Verksmiðja og aðalskrifstofur fyrirtækisins eru á Siglufirði, þar sem starfa 15 manns. Hráefnið er eingöngu skel af kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) og er flutt til vinnslunnar frá rækjuverksmiðjum á Norðurlandi.

Framleiðsla Primex ehf er m.a. markaðssett undir vörumerkjunum LipoSan Ultra® fitubindiefni og Chito-Clear® vörulínu til nota m.a. í matvæla- og snyrtivöruviðnaði. Til að tryggja öryggi framleiðslunnar hefur Primex innleitt gæðakerfi sem byggir á áhættugreiningu og mikilvægum eftirlitsþáttum (HACCP), rannsóknum á hverri framleiðslulotu og fullum rekjanleika.


Primex ehf var stofnað árið 1997 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1998.



www.primex.is


Hafmynd ehf þróar, framleiðir og selur handhæg sjálfstýrð ómönnuð djúpför. Djúpför Hafmyndar eru sérstök að því leyti að þeim er ráðað saman úr einingum sem hýsa nema, staðsetningarbúnað og rafhlöður til þess að leysa tiltekin verkefni. Helstu notkunarsvið eru mælingar í tengslum við framkvæmdir neðansjávar, leitarstörf, öryggiseftirlit og umhverfisrannsóknir. Meðal kaupenda eru háskólar, rannsóknastofnanir og flotadeildir í þremur heimsálfum og hafa djúpför Hafmyndar verið notuð við margbreytileg verkefni allt frá ísbreiðum Alaska til Aserbaidisjan. Hafmynd hlaut sérstök verðlaun fyrir byltingarkennda nýjung í öryggismálum frá Frost & Sullivan á síðasta ári og er handhafi Nýsköpunarverðlauna RANNÍS og Útflutningsráðs árið 2007.

Hafmynd ehf var stofnað árið 1999 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.




www.gavia.is

NORDICPHOTOS ▷ NORR





NordicPhotos ehf sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum Internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir meira en 30 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003–2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið GV-press. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 130.000 ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 70 erlend umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa. Síðan fyrirtækið var stofnað í lok árs 2000 hefur veltan aukist jafnt og þétt. Veltan árið 2001 var 5 milljónir ISK en áætluð velta fyrir árið 2008 er yfir 200 milljónir ISK. Hjá NordicPhotos starfa nú 20 starfsmenn á skrifstofum þess í Stokkhólmi, Osló og Reykjavík.

NordicPhotos ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.




www.nordicphotos.com





Mentor ehf er þekkingarfyrirtæki sem hefur það hlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs. Helstu lausnir fyrirtækisins er upplýsingakerfið Mentor.is sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra og sveitarfélaga öflugri. Mentor býður einnig upp á ráðgjöf og fræðslu til eflingar innra starfs skóla. Mentor var stofnað árið 2000. Sumarið 2007 yfirtók Mentor með þátttöku Nýsköpunarsjóðs sænska fyrirtækið P.O.D.B. Í Svíþjóð starfar fyrirtækið nú undir nafninu InfoMentor P.O.D.B. Fyrirtækið er þekkt fyrir ráðgjöf og námskeið í gæðastjórnun og hugbúnað sem heldur utan um árangur nemenda og einstaklingsáætlanir. Áætluð velta sameinaðs fyrirtækis árið 2008 er kr. 155m. Mentor þjónustar í dag 580 leik- og grunnskóla á Íslandi, 420 grunnskóla í Svíþjóð og þrúunarskóla á Englandi. Tækifæri Mentors á erlendum markaði byggir að miklum hluta á sterkri stöðu íslenska skólakerfisins. Íslenskir skólar eru mjög framarlega í tölvunotkun auk þess sem netnotkun foreldra er með því mesta sem þekktist í heiminum. Afrakstur þróunar fyrir íslenska skóla auk þekkingar sem kemur með erlendu samstarfi skilar Mentor.is meðal fremstu lausna í Evrópu er kemur að upplýsingakerfum fyrir skóla. Framtíðarsýn Mentors er að vera eitt virtasta fyrirtæki í Evrópu á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla með áherslu á einstaklingsmiðað nám, gæðastjórnun og skólaþróun.

Mentor ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.




www.mentor.is



Hátæknifyrirtækið Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 með þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Markmið félagsins var að þróa mælibúnað byggðan á örbylgjutækni sem mældi vatnsinnihald ýmissa efna á svipstundu. Þennan búnað væri hægt að nota í verksmiðjum sem þurrkuðu hráefni, svo sem fóður og fiskimjöl. Þróun frumgerðar búnaðar lauk árið 2002 en síðan hafa staðið yfir betrubætur á mælitækini. Einkaleyfi á mæliaðferðinni hefur verið samþykkt í Evrópu, Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum. Markhópur félagsins eru framleiðslufyrirtæki í matvæla-, námu- og efnavinnslu þar sem rauntímaupplýsingar um vatnsinnihald skipta máli fyrir gæði afurða og nýtingu hráefnisins.


Fyrirtækið markaðssetur mælibúnaðinn sjálf og í gegnum umboðsmenn. Í lok árs 2007 voru viðskiptavinir Intelscan í níu löndum í Evrópu og Suður-Ameríku. Meðal viðskiptavina félagsins á Íslandi eru fyrirtæki svo sem HB Grandi, Síldarvinnslan Neskaupstað, Lýsi og Mjólkursamsalan Selfossi. Erlendis eru viðskiptavinir í matvælaíðnaði svo sem Nestlé og Toms auk fyrirtækja í efnaiðnaði svo sem Kemira í Finnlandi.

Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.intelscan.is

NIKITA




Nikita ehf á rætur að rekja til brettaverslunarinnar Týnda hlekkisins, sem starfrækt var í Reykjavík á árunum 1994 til 1999. Aðalheiður (Heiða) Birgisdóttir hóf þar að selja eigin hönnun, götutískufatnað sem innblásinn var af brettalífstílnum. Í fyrstu saumaði Heiða í stykkjatali fyrir sig og nokkra vini en árið 1997 var hafin framleiðsla á Nikita-flíkum á lítilli saumastofu á Húsavík. Viðtökur voru mjög góðar og árið 1999 seldust um eitt þúsund flíkur úr lítilli vörulínu Nikita í Reykjavík. Árið 2000 stofnuðu eigendur Týnda hlekkisins sérstakt fyrirtæki í kringum vörumerkið Nikita. Markmiðið var að færa sig frá því að flytja inn mörg vörumerki til Íslands og selja í einni verslun yfir í að markaðssetja hönnun Heiðu alþjóðlega og selja í mörgum verslunum. Sett var saman viðskiptaáætlun sem staðist hefur í öllum meginatriðum frá upphafi til dagsins í dag. Vörur Nikita eru nú seldar í um eitt þúsund og fimm hundruð sérverslunum í um þrjátíu löndum. Vörumerkið Nikita og slagorð þess „For girls who ride“ er vel þekkt alþjóðlega meðal markhóps þess og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir vel heppnaða hönnun og markaðssetningu. Nikita kynnir árlega þrjár stórar vörulínur og fjórar minni.


Nikita ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



www.nikitaclotthing.com




NSA 43,7%




MARORKA

NSA 18,5%



Lifeind ehf er rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatækni. Það hefur skapað sér sérstöðu innan líf-tæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til greiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Markmið félagsins er að þróa og markaðssetja þessar einkaleyfavörðu aðferðir, samhliða tækjabúnaði til slíkra greininga. Með öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi hefur Lifeind nú yfir að ráða rannsóknaraðferðum sem allar beinast að því að einfalda vinnu með flóknar kjarnsýrur og/eda meta gæði þeirra. Lifeind hóf rekstur sinn 2001 og leigir fyrirtækið afnot af tækjum og aðstöðu innan Lifefna- og sameindalífæðistofu læknadeildar Háskóla Íslands. Þetta skapar fyrirtækinu kjörskilyrði til þekkingarsköpunar og frekari þróunar afurða. Síðastliðið ár hafa starfsmenn Lifeindar þróað frumgerð örgelarafráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótlega leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Nú hefur verið stofnað systurfyrirtæki Lifeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited, sem hlaut nýverið styrk frá skoskum styrkja-yfirvöldum til að undirbúa fjöldaframleiðslu á tækjabúnaði og til öflunar viðskiptasambanda og undirbúnings fyrir markaðssetningu. Grunnprófanir á tækjabúnaði og frekari þróun greiningaraðferða verða framkvæmdar af Lifeind á Íslandi. Stefnt er að markaðssetningu tækjabúnaðar og rekstrarvara á næsta ári.


Lifeind ehf var stofnað árið 2001 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



www.biocule.com


Marorka ehf er hátæknifyrirtæki sem framleiðir og selur orkustjórnunarkerfi fyrir skip. Fyrirtækið, sem sprottið er úr háskólaumhverfinu, var stofnað 2002 með þremur starfsmönnum. Það hefur síðan vaxið og dafnað og þar starfa nú 18 manns. Fyrirtækið framleiðir hugbúnað sem hefur það markmið að hámarka orkunýtingu þeirra kerfa sem starfrækt eru um borð í skipum. Þetta er gert með því að bera í sífellu saman mælt raun-ástand samantekinnar orkukerfa (framdrifskerfi, raforkukerfi, frystikerfi o.fl.) við „besta ástand“ sem fundið er með stærðfræðilíkönunum og veita skipstjórnendum ráðgjöf um hvað gera eigi til að auka nýtingu kerfanna. Helstu markaðir Marorku eru skipaútgerðir á Norðurlöndum, í Norður-Evrópu og Suðaustur-Asíu.

Marorka ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2006.



www.marorka.is

ATALL ehf



Atall ehf var stofnað á árinu 2004 og hefur hannað og er að þróa og selja vélbúnað, tættara eða hakkara, sem auðveldar sláturhúsum og fiskvinnslum að endurvinna eða farga lífrænum úrgangi og matvælavinnslum að vinna úr frosnu hráefni. Kostir tættarans eru ýmsir umfram það sem er á markaði:

Tættarinn tekur lítið pláss og hann er töluvert minni um sig en búnaður sem hefur svipaða afkastagetu. Hann notar hlutfallslega mun minni orku en aðrir tættarar en er kraftmikill og afkastamikill.

Hann hentar fyrir frýstar blokkir í matvælaframleiðslu og einnig fyrir flestar gerðir af lífrænum úrgangi.


Hávaðamengun er mun minni en frá öðrum kvörnum/tætturum sem skipt getur miklu máli t.d. í vinnslusólum og skipum.

Viðhald á tættara Atals er mun minna og þægilegra en á öðrum búnaði til sömu starfsemi.

Sótt hefur verið um einkaleyfi á tættaranum.


Sjóðurinn gerðist hluthafi í félaginu á árinu 2007 og síðan þá hefur því orðið töluvert ágengt.

Atall ehf var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.




www.atall.is

GENIS



Genís er sprotafyrirtæki sem einbeitir sér að þróun nýrra aðferða til að meðhöndla bólgusjúkdóma og aðra hrönnunarsjúkdóma í stoðkerfi mannsins. Aðferðirnar byggja á þróun nýrra aminosýkra sem framleiddar eru úr skel krabbadýra, svo sem rækju. Starfsemi fyrirtækisins felur í sér þróun framleiðsluferla fyrir sykrusamsetningar sem eru bestaðar með tilliti til lyfjavirkni. Þar að auki hefur stór hluti starfseminnar þróast út í samstarf við háskólastofnanir og fyrirtæki bæði innanlands og erlendis þar sem virkni sykranna er prófuð með bestu fánlegu tækni í margvíslegum líffræðilegum kerfum. Slíkar rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið í Ísrael, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Danmörku og á Íslandi, hafa hingað til stutt kenningar félagsins um bólgueyðandi og vefjamyndandi virkni aminosýkranna og frásog þeirra í meltingarvegi mannsins. Í heild benda niðurstöður rannsókna til þess að hér séu á ferðinni byltingarkenndar aðferðir til að meðhöndla sjúkdóma í stoðkerfi mannsins, sem stafa af bólgu eða vefjahrönnun. Fyrirliggjandi niðurstöður eru ekki hvað síst áhugaverðar þegar haft er í huga að þessi nýmyndunarferill í beinvef er einkennandi fyrir beinmyndun á fósturstigi en á sér ekki hliðstæðu í fullorðnum einstaklingi. Aminosýkrurnar virðast því með einstökum hætti geta örvað nýmyndun í sködduðum beinvef.

Genís ehf var stofnað árið 2005 og var Nýsköpunarsjóður annar stofnenda þess.



ÁRSREIKNINGUR



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt henni ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. apríl 2008

Deloitte hf.

Páll Steingrímsson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Að álitum stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með samstæðuársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2008

Í stjórn

Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður

Arnar Sigurmundsson

Ágústa Guðmundsdóttir

Grétar Þorsteinsson

Guðný Hrund Karlsdóttir

Framkvæmdastjóri

Finnbogi Jónsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld	10		
Vörslutekjur		1.346.712	540.232.804
Þóknunartekjur		11.141.401	5.499.087
Aðrar tekjur		6.833.332	6.333.332
Fjármagnsgjöld		(17.055.326)	(3.798.945)
		2.266.119	548.266.278
Rekstrargjöld			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		17.846.958	14.693.141
Laun og launatengd gjöld	11	55.267.174	81.159.016
Annar almennur rekstrarkostnaður		30.577.047	44.186.617
Afskriftir	2.3	1.466.030	1.713.274
		105.157.209	141.752.048
(Tap) hagnaður fyrir fjárfestingaverkefni		(102.891.090)	406.514.230
Fjárfestingaverkefni			
Söluhagnaður vegna fjárfestinga í eignarhlutum		39.033.186	83.922.913
Aðrar tekjur (gjöld) vegna fjárfestinga í eignarhlutum		873.862	1.839.285
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum		27.680.296	35.848.189
Breytingar á eignum Framtakssjóða		1.417.434	(126.703)
Innleystar ábyrgðir		(23.399.537)	500.000
Framlag í afskriftareikning	6	(141.540.373)	(441.184.062)
Veittir styrkir	13.15	(2.280.000)	(11.519.750)
		(98.215.132)	(330.720.128)
Hagnaður (tap) ársins		(201.106.222)	75.794.102

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	3		
Bífreiðar		3.400.000	4.037.500
Húsgögn og innréttingar		696.410	1.000.614
Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld		312.595	1.086.784
		4.409.005	6.124.898
Áhættufjármunir			
Skuldabréfaeign		25.739.760	27.016.497
		25.739.760	27.016.497
Fjárfestingaverkefni	4.5		
Eignarhlutar	14	1.404.606.275	1.594.909.746
Útlán	5.8	289.241.411	460.966.436
Eignir framtakssjóða		73.387.237	208.848.803
Brú II		109.033.090	0
Fullnustueignir	6	0	1.500.000
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	6	(655.917.585)	(985.496.313)
		1.220.350.428	1.280.728.672
		1.250.499.193	1.313.870.067
		Fastafjármunir	
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Aðrar skammtímakröfur		126.703.368	71.980.928
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		2.859.973	2.701.650
		130.557.003	74.682.578
Handbært fé			
Vörslusjóðir	7	2.627.829.817	1.984.914.047
Bankainnstæður og sjóðir		138.249.413	906.539.691
		2.766.079.230	2.891.453.738
		2.896.636.233	2.966.136.316
		Veltufjármunir	
Eignir alls		4.147.135.426	4.280.006.384

31. DESEMBER 2007

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2007	2006
Eigið fé	9		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(801.445.210)	(691.738.989)
Eigið fé		<u>4.020.322.262</u>	<u>4.130.028.484</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán		25.739.759	27.016.496
		<u>25.739.759</u>	<u>27.016.496</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldbindingar vegna verkefna	15.16	42.000.000	58.397.302
Næsta árs afborganir langtímalána		2.859.973	2.701.650
Aðrar skammtímaskuldir		49.839.581	50.459.952
Fyrirfram innheimtar tekjur		5.380.189	11.402.498
Skuldir við tengda sjóði		993.662	0
		<u>101.073.405</u>	<u>122.961.404</u>
Skuldir		<u>126.813.164</u>	<u>149.977.900</u>
Eigið fé og skuldir		<u>4.147.135.426</u>	<u>4.280.006.384</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vörslutekjur og þóknanir		(2.951.618)	589.526.145
Innborgaðar aðrar tekjur		6.833.332	6.333.332
Greidd fjármagnsgjöld		(15.333.050)	(1.693.039)
Greiddur rekstrarkostnaður		(106.998.506)	(142.225.294)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		19.087.988	25.990.709
Greiddir styrkir		(5.780.000)	(10.269.750)
	Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(105.141.854)	467.662.103
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		0	(4.250.000)
Keypt verðbréf		(81.927.780)	(181.618.923)
Brú II		(109.033.090)	0
Keypt hlutabréf		(196.171.231)	(192.067.958)
Seld hlutabréf		199.510.396	151.749.344
Sala á eignum úr Framtakssjóðum		70.000.000	0
Seldir fastafjármunir		350.000	2.125.000
Innleystar ábyrgðir		(23.399.537)	(10.161.317)
Fengnar afborganir skuldabréfa og verðbréfa		31.879.278	69.810.950
	Fjárfestingahreyfingar	(108.791.964)	(164.412.904)
Fjármögnunarahreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands		91.400.000	1.000.000.000
Greiddar afborganir langtímalána		(2.840.690)	(2.700.635)
	Fjármögnunarahreyfingar	88.559.310	997.299.365
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(125.374.508)	1.300.548.564
Handbært fé 1.1.		2.891.453.738	1.590.905.174
Handbært fé 31.12		2.766.079.230	2.891.453.738

SKÝRINGAR

Starfsemin

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingaverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins. Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Deildin var sameinuð inn í Stofnsjóð í ársbyrjun 2007.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna.

Bifreiðar	15%
Húsgögn, innréttingar og skrifstofuáhöld	20%
Tölvubúnaður.....	33%

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi vísitölu í janúar 2008. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við síðasta skráða fundagengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2007. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Hlutabréf í og útlán til áhættufjárfestingaverkefna eru metin til eignar við kostnaðarverði. Til að mæta hugsanlegum töpum sem fylgja áhættufjárfestingu er verðmæti einstakra eigna fært niður samkvæmt sérstöku mati.

Verðbréf í fjárvörslu eru færð við markaðsvirði á reikningskiladegi.

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og innstæður í auðinnleysanlegum verðbréfum.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Innréttingar, skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	7.471.075	5.001.727	4.250.000	16.722.802
Afskrifað í ársbyrjun	(6.470.461)	(3.914.943)	(212.500)	(10.597.904)
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>1.000.614</u>	<u>1.086.784</u>	<u>4.037.500</u>	<u>6.124.898</u>
Selt á árinu	(249.863)	0	0	(249.863)
Afskrift ársins	(54.341)	(774.189)	(637.500)	(1.466.030)
Bókfært verð í lok ársins	<u>696.410</u>	<u>312.595</u>	<u>3.400.000</u>	<u>4.409.005</u>

Fjárfestingaverkefni

4. Breyting fjárfestingaverkefna á árinu greinist svo:

	31/12/07	31/12/06
Fjárfestingaverkefni í upphafi árs	1.280.728.672	1.492.661.443
Fjárfest í nýjum verkefnum	392.106.340	410.298.622
Seld fjárfestingaverkefni	(220.966.812)	(125.746.784)
Fengnar afborganir fjárfestingaverkefna	(29.038.588)	(67.109.301)
Verðbætur og gengismunur fjárfestingaverkefna	(15.187.350)	11.379.803
Breyting áfallinna vaxta	22.831.105	(3.527.400)
Breyting afskriftarsjóðs	(141.540.373)	(441.184.062)
Aðrar afskriftir	0	4.083.054
Nettó breyting á eignum framtakssjóða	<u>(68.582.566)</u>	<u>(126.703)</u>
	<u>1.220.350.428</u>	<u>1.280.728.672</u>

	31/12/07	31/12/06
5. Fjárfestingaverkefni í lok ársins greinast á eftirfarandi hátt:		
Innlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi	1.304.379.257	1.254.072.884
Innlend fjárfesting í hlutabréfum erlendis	100.227.018	288.636.862
Erlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi	0	52.200.000
Innlend fjárfesting í skuldabréfum á Íslandi	289.241.411	460.966.436
Fullnustueignir	0	1.500.000
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	(655.917.585)	(985.496.313)
Eigin fjárfestingaverkefni	<u>1.037.930.101</u>	<u>1.071.879.869</u>
Eignir framtakssjóða í áhættufjárfestingum	10.708.045	44.578.816
Eignir framtakssjóða í fjárvörslusamningum	62.679.192	164.269.987
Eignir framtakssjóða	73.387.237	208.848.803
Brú II	<u>109.033.090</u>	<u>0</u>
	<u>1.220.350.428</u>	<u>1.280.728.672</u>

6. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

	31/12/07	31/12/06
Breyting á afskriftareikningi greinist svo:		
Afskriftareikningur í upphafi árs	985.496.316	1.121.363.053
Framlag ársins í afskriftareikning	141.540.373	441.184.062
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	(471.119.104)	(577.050.802)
Afskriftareikningur í lok ársins	<u>655.917.585</u>	<u>985.496.316</u>

Vörslusjóðir

7. Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við nokkra aðila innanlands og utan.

Fjárvarslan skiptist með eftirfarandi hætti milli fjárvörsluaðila:

	31/12/07	31/12/06
Innlendir fjárvörsluaðilar	1.166.961.566	281.670.478
Erlendir fjárvörsluaðilar	1.460.868.251	1.703.243.569
	<u>2.627.829.817</u>	<u>1.984.914.047</u>

Vörslusjóðir skiptast á eftirfarandi hátt milli erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna:

Fjárvarsla í erlendra mynt	1.460.868.251	1.703.243.569
Fjárvarsla í íslenskum krónum	1.166.961.566	281.670.478
	<u>2.627.829.817</u>	<u>1.984.914.047</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

Staða í upphafi árs	1.984.914.047	1.466.227.055
Innborgað til fjárvörsluaðila	987.600.000	168.966.508
Útborgað frá fjárvörsluaðilum.....	(324.922.228)	(78.966.508)
Gengisbreyting íslensku krónunnar.....	(254.991.393)	186.647.061
Markaðsbreytingar vörslusjóða	235.229.391	242.039.931
Staða í lok árs	<u>2.627.829.817</u>	<u>1.984.914.047</u>

Eignir Framtakssjóða

8. Í samræmi við breytingu á lögum nr. 61/1997 hafa eignir Framtakssjóðs verið færðar í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs en þar er kveðið á um að útboðnar einingar skuli leystar upp innan 10 ára eftir útboð og andvirðið renni í Stofnsjóð.

	31/12/07	31/12/06
Fjárfestingafélag Austurlands hf.	0	123.415.120
Framtakssjóður Brúar	73.387.237	85.433.683
Brú II	109.033.090	0
	<u>182.420.327</u>	<u>208.848.803</u>

Eigið fé

9. Innborgað stofnfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er kr. 4.000.000.000 vegna Stofnsjóðs, kr. 828.868.164 vegna Vöruþróunar- og markaðsdeildar og kr. 18.197.001 vegna Tryggingardeildar útflutnings. Í 19. gr. reglugerðar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að sjóðnum sé óheimilt að skerða stofnfé Nýsköpunarsjóðs. Að liðnum sjö fyrstu starfsárum sjóðsins skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert en framreiknuð fjárhæð eftir það.

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	4.821.767.472	(691.738.989)	4.130.028.483
Innborgun frá Ríkissjóði.....	0	91.400.000	91.400.000
Tap ársins.....	0	(201.106.222)	(201.106.222)
	<u>4.821.767.472</u>	<u>(801.445.211)</u>	<u>4.020.322.262</u>
Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:.....		31/12/07	31/12/06
Stofnsjóður		4.017.471.187	3.963.689.192
Vöruþróunar- og markaðsdeild		0	166.339.291
Tryggingardeild útflutnings.....		<u>2.851.075</u>	<u>0</u>
		<u>4.020.322.262</u>	<u>4.130.028.483</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Hagnaður ársins nemur 2.851.075 krónum.

Vörslutekjur og fjármagnsgjöld

10. Vörslutekjur	2007	2006
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	42.064.138	110.922.744
Vaxtatekjur af verðbréfum	3.861.917	3.788.525
Tekjur vegna gengisbreytinga	0	19.082.914
(Lækkun)/hækkun virðis eignarhluta í vörslusjóðum	(29.142.381)	393.696.470
Aðrar rekstrartekjur	(248.812)	250.312
Afföll og gengistap af skuldabréfum.....	(15.188.150)	12.491.839
	<u>1.346.712</u>	<u>540.232.804</u>
Þóknunartekjur	2007	2006
Fengnar þóknanir af ábyrgðum	<u>3.052.411</u>	<u>2.561.271</u>
Aðrar þóknunartekjur	<u>8.088.990</u>	<u>2.937.816</u>
	<u>11.141.401</u>	<u>5.499.087</u>
Aðrar tekjur		
Styrkir	<u>6.833.332</u>	<u>6.333.332</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld af rekstrarfé	(15.413)	(10.420)
Vextir af skammtímaskuldum	(8.009.286)	0
Vextir af langtímaskuldum	(3.344.682)	(3.788.525)
Kostnaður vegna lántöku	(17.800)	0
Gjöld vegna gengisbreytinga á gjaldmiðlum	(5.668.145)	0
	<u>(17.055.326)</u>	<u>(3.798.945)</u>
Hreinar vörslutekjur til ráðstöfunar í rekstur og fjárfestingaverkefni	<u>2.266.119</u>	<u>548.266.278</u>

Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2007	2006
Laun	44.795.088	65.546.518
Launatengd gjöld	9.138.179	13.931.622
Annar starfsmannakostnaður	1.333.907	1.680.876
	<u>55.267.174</u>	<u>81.159.016</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 5 í lok ársins 2007.

Samstarfsverkefni vegna Tryggingardeildar

12. Þann 12. apríl 2002 var undirritaður samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins og Tryggingardeildar útflutnings. Samningurinn rann út 15. apríl 2005.

Þann 15. ágúst 2005 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins, Útflutningsráðs Íslands og Tryggingardeildar útflutnings. Markmið samningsins, sem er til þriggja ára, er að efla starfsemi Tryggingardeildar útflutnings.

Styrkveitingar

13. Styrkveitingar sjóðsins voru með eftirfarandi hætti á árinu:	2007	2006
Samþykktir styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar.....	6.780.000	13.000.000
Niðurfelldir veittir styrkir	(4.500.000)	(1.480.250)
	<u>2.280.000</u>	<u>11.519.750</u>

Yfirlit yfir fjárfestingaverkefni

14. Áhættuhlutabréf í eigu sjóðsins greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð:
Adsoft ehf.....	15,40%	756.498
AGR - Aðgerðagreining ehf.....	5,80%	897.368
Alur - álvinnsla ehf.....	11,10%	2.874.590
Atall ehf.....	25,00%	314.455
Auris ehf.....	5,60%	55.555
Betware á Íslandi hf.....	1,73%	440.678
Fjölblendir ehf.....	2,10%	14.997
Framtíðartækni hf.....	100,00%	5.317.507
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf.....	20,90%	7.000.000
Genís ehf.....	45,20%	56.181.181
Hafmynd ehf.....	21,70%	1.045.230
Icelandic Green Polyols Inc. (Pólýol verksmiðjan ehf).....	17,57%	44.749.306
Innovit ehf.....	23,80%	150.000
IntelScan Örbylgutækni ehf.....	40,70%	534.518
Íshestar ehf.....	19,10%	2.353.012
Íslenska lífmassafélagið ehf.....	21,40%	9.558.041
Kine ehf.....	33,20%	1.357.356
Knowledge Solution Group SIA.....	45,20%	7.815
Latibær ehf.....	1,90%	397.732
LH tækni ehf.....	7,09%	140.881
Lífeind ehf.....	28,10%	281.250
Marorka ehf.....	18,40%	1.151.515
Menn og mýs ehf.....	15,88%	1.159.277
Mentor ehf.....	22,00%	366.270
Myllan-Carberry's Bakery LLC.....	14,10%	700.48
Nikita ehf.....	25,40%	364.590
Norrænar myndir ehf.....	28,00%	1.467.535
Open Hand hf.....	0,10%	242.572
Primex hf.....	15,50%	35.767.998
Sjávarleður hf.....	49,00%	13.823.893

Spakmannsspjarir ehf	5,00%	237.000
Stiki	9,00%	666.666
Stjörnu-Oddi ehf	26,50%	5.962.733
TM Software hf.	1,80%	4.342.412

Skuldbindingar

- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um styrkveitingar til nokkurra aðila að uppfylltum skilyrðum samtals að fjárhæð um 7 milljónir króna. Þessi loforð eru færð meðal skammtímaskulda sjóðsins. Heildarfjárhæð greiddra styrkja á árinu nam um 8 milljónum króna.
- Sjóðurinn hefur veitt loforð um fjárfestingar í nokkrum verkefnum að uppfylltum skilyrðum. Samtals eru færð í ársreikninginn meðal skammtímaskulda 35 milljónir króna sem uppfyllt óafgreidd loforð. Heildarfjárhæð fjárfestingaloforða þar sem sett skilyrði hafa ekki verið uppfyllt nemur í lok ársins um 246 milljónum króna.
- Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalána. Í árslok 2007 nema veittar ábyrgðir 15,1 milljón króna.
- Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 369,5 milljónir króna sem jafngildir um 3,8 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hærrí fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:	31/12/07
Gjaldfallin ábyrgð	235.591.001
Til endurgreiðslu á árinu 2008.....	59.814.790
Til endurgreiðslu á árinu 2009.....	39.176.700
Til endurgreiðslu á árinu 2010.....	32.204.036
Til endurgreiðslu síðar	2.684.415
	<u>369.470.942</u>

Nýsköpunarsjóður

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
Sími 510 1800 - fax 510 1509
www.nsa.is - nsa@nsa.is

Umsjón, hönnun og umbrot: Tunglið-auglýsingastofa
Prentun: Svansprent
Landslagsmyndir: NordicPhotos.
Aðrar ljósmyndir: Ýmsir ljósmyndarar.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR